

Föstudaginn 24. júní 1988.

Nr. 145/1988. **Konráð Vilhjálmsson**

gegn

Taki sf.

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Pétur Þorsteinsson sýslumaður kvað upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. maí sl., sem barst Hæstarétti 20. s.m., hefur sóknaraðili, með heimild í d-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, kært úrskurð aukadómþings Dalasýslu frá 27. apríl 1988, sem barst honum 5. maí sl. Hann krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og matið frá 12. ágúst 1986 í matsmálinu Tak sf. gegn Konráði Vilhjálmssyni verði dæmt ógilt og „sömuleiðis svokallað mat“ frá 22. desember 1987 í sama matsmáli. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa engar kröfur borist.

Gögn málsins bera með sér, að varnaraðili hefur höfðað mál gegn sóknaraðila fyrir aukadómþingi Skagafjarðarsýslu, og er kröfugerð þess máls byggð á mati því, sem deilt er um í þessu máli. Samkvæmt 144. gr. laga nr. 85/1936 heyrir það undir dómara aðalmálsins að meta öll atriði, er varða sönnunargildi matsgerðar. Verður máli þessu því vísað frá aukadómþingi Dalasýslu ex officio.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá aukadómþingi Dalasýslu.

Úrskurður aukadómþings Dalasýslu 27. apríl 1988.

Málavextir eru þessir:

Þann 11. ágúst 1986 voru samkvæmt beiðni Taks sf. Búðardal dómkvaddir matsmenn til að skoða og meta galla í hliðardrifi jarðýtu sem Tak sf. keypti af Konráði Vilhjálmssyni Ytri-Brekku, Skagafirði, þann 3. apríl þá um vorið.

Til að framkvæma hið umbeðna mat kvaddi settur sýslumaður Helgi Jónsson þá Gísla Kristjánsson tæknifulltrúa, Sæviðarsundi 68, og Bent Jørgensen framkvæmdastjóra, Háaleitisbraut 89, báða til heimilis í Reykjavík.

Í dómkvaðningu var tekið fram að matsmenn skyldu gefa aðilum kost á að vera viðstöddum þegar matið færi fram.

Af gögnum málsins sýnist ljóst að samdægurs og dómkvaðning fór fram hafi Konráði Vilhjálmsyni verið kunnbert með símskeyti að skoðunargerð á ýtunni ætti fram að fara í Búðardal næsta dag 12. ágúst kl. 21:00 og honum gefinn kostur á að vera þar viðstaddur.

Umrædd skoðunargerð fór síðan fram, en þar var ekki mætt af hálfu seljanda ýtunnar.

Þann 16. desember 1987 boðuðu matsmenn matsþola, Konráð Vilhjálms-son, til að vera viðstaddan skoðunargerð á drifhlutum úr nefndri jarðytu, þriðjudaginn 22. desember kl. 14:00. Sú skoðunargerð fór fram, en matsþoli sinnti ekki boðun og enginn af hans hálfu.

Í úrskurðarbeiðni og greinargerð umboðsmanns matsþola í máli þessu er þess krafist að umrætt mat verði úrskurðað ógilt, m.a. af eftirtöldum ástæðum:

Matsdómari hafi ekki gert matsþola viðvart áður en dómkvaðning fór fram þann 11. ágúst 1986.

Ennfremur hafi matsþoli ekki verið boðaður með nægilegum fyrirvara til að vera viðstaddur skoðunargerð, hvorki hina fyrri, sem fram fór 12.08. 1986, né hina síðari, sem fram fór 22.12. 1987.

Varðandi fyrstu málsástæðuna er þess að geta að samkvæmt 139. gr. einkamála laga þriðju málsgrein er það lagt á vald matsdómara, hvort þess sé þörf að hann geri aðilum viðvart áður en dómkvaðning fer fram.

Varðandi tvær síðari málsástæður þykja gögn málsins bera með sér að hin fyrri skoðunargerð sem fram fór 12.08. 1986 hafi ekki verið tilkynnt matsþola með hæfilegum fyrirvara.

Aftur á móti verður að teljast að síðari skoðunargerðin, sem fram fór 22.12. 1987 og var boðuð matsþola með símskeyti þann 16.12. sama mánaðar, hafi verið boðuð með nægilegum fyrirvara. Ekki er leitt í ljós fyrir dóminum, að um lögmæt forföll matsþola hafi verið að tefla að þessu sinni þrátt fyrir fullyrðingar umboðsmanns matsþola þess efnis í greinargerð.

Telja verður m.a. með tilvísun til 1. málsgreinar 140. gr. laga nr. 85/1936 og 143. gr. sömu laga, hafi ekki verið um þá ágalla að ræða við boðun aðila og framkvæmd umrædds mats, að það eigi að valda ógildingu þess samkvæmt kröfu lögmanns matsþola.

Ekki verður dæmdur málskostnaður í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Kröfu um ógildingu matsins er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.